

Stjórnarfundur BFB haldinn í Landnámssetrinu Borgarnesi 26. September 2017

Mætt. Þorgrímur, Hanna og Sigrún

Teknir inn nýjir félagar:

Guðný Harðardóttir Gilsárstekk Breiðdalsvík (Breiðdalsbiti ehf) m kjötvörur.  
Samþykkt

Umsókn um gæðamerki:

Móra ehf Skálholti Barðaströnd, samþykkt, Þorgrímur mun gera sér ferð, kynna notkun merkisins og taka út aðstöðuna.

Fjármál:

Staðan er ágæt en félagið fékk ekki styrk frá ráðherra þetta árið í vorúthlutuninni, en erum hvött til að sækja um aftur núna í haust vegna úthlutunar næsta ár. Þetta er í fyrsta skipti í 10 ára sögu félagsins sem það fær ekki styrk af þessu tagi.

Rætt um að tala við Svavar Halldórsson og leita efti aðstoð við að sækja um styrki til annarra aðila. Gjaldkera falið að kanna það mál.

Afmælishátið:

Rætt um myndbandsgerð í tilefni 10 ára afmælisins. Samþykkt að skoða málið og setja saman nefnd (afmælismyndbandsnefnd). Ritara falið að skoða þetta. Rætt um fleiri hugmyndir og möguleika til að vera meira áberandi á afmælisárinu. Gaman væri að hafa opinn dag hjá sem flestum félögum einhvern tíman á árinu. Einnig væri hægt að hafa svæðismarkaði af og til yfir sumarið/árið. Formanni falið að gera þessu betri skil í fréttabréfi til félaga.

Hrafnagil Handverkshátið 2017:

Ritari greinir frá, markaðurinn gekk vel það voru 7 félagar Beint frá býli sem tóku þátt, 5 af þeim voru á sameignlegu svæði Beint frá býli. Salan var góð og gestir áhugasamir. Hugmynd fyrir afmælisárið 2018, að vera með kynningu á félagingu Beint frá býli og hvetja fleiri félaga til að taka þátt í hátíðinni með einhverjum hætti. (helst fylla tjaldið). Einnig hugmynd hvort mögulegt væri að þátttekendur gætu keypt sér aukalega meira pláss, því sumir vildu meira pláss, en plássinu sem í boði var, var skipt jafnt á milli þátttakenda.

Enginn hefur sótt um niðurgreiðslu á þátttöku í mörkuðum.

Rætt um heimtökugjald á sauðfé, mikill mismunur Borgarnes 270,- kr/kg án vsk Blönduós (SAH) 3505,- kr/haus án vsk KS og Hvammstangi (SKVH) 5500 eða 6000,- kr /haus án vsk. 7 parta sögun innifalin en fínsögun kostar, mismikið. Finnst stjórnarmönnum þetta meira í lagi furðulegt og ógnvænleg þróun.

Rætt um að leita eftir samstarfi við efnagreiningar fyrirtæki, samþykkt að leita eftir tilboðum í efnagreiningar og aðra þjónustu við félagsmenn. Formaður tekur það að sér.

Rætt um auglýsingaherferð á skjámiðlum s.s. N4, INN, RUV. Gjaldkeri ætlar að kanna samvinnu við fjölmiðla til að auglýsa BFB.

Gæðahandbókin:

Formaður mun hafa samband við Elfu um stöðu verkefninssins og næstu skref. Framundan er svo innleiðing gæðahandbókarinnar, svo hægt sé að fara að kynna hana fyrir félagsmönnum og nota.

Fundi slitið.

Sigrún Indriðadóttir ritari BFB